

Konungleg auglýsing

5
4. apríl

um

að konungur sje kominn heim aftur og tekinn við ríkisstjórn.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Eftir að Vjer erum aftur heim kominn úr ferð Vorri til útlanda, kunngjörum Vjer hjermeð Vorum kæru og trúu þegnum, að Vjer höfum sjálfur í dag tekið við ríkisstjórninni, sem Vjer 2. þ. m., samkvæmt 1. gr. í lögum 11. febrúar 1871, sbr. 3. gr. dansk-íslenskra sambandslaga, höfðum falið bróður Vorum elskulegum, hans konunglegu tign prins Harald Christian Frederik að hafa á hendi í fjarvist Vorri.

Gefið á Amalíuborg, 4. apríl 1922.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Sig. Eggerz.